



Bæjarstjórn Garðabæjar 1. (841)./2019

Boðað er til 1. (841).. fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 17. janúar 2019 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1901002F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/1 '19
1808350 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, dags. 04.01.19
2. 1901016F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/1 '19.
1711136 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi.
1711135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi miðbæjar - neðsta svæði vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi og Vífilsstaðavegi.
1711133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi.
1711132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2 vegna endurbóta á Vífilsstaðavegi.
1305618 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar vegna endurbóta við Vífilsstaðaveg.
1711137 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi.
1710083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna uppbyggingar á Lyngásvæði L1 og L2.
1808155 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu byggingarleyfis vegna lóðarinnar við Hæðarbyggð 22.
1806425 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um óverulegt frávík frá skipulagi vegna lóðarinnar við Víkurgötu 14.
1809246 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 2-20.
1901058 - Drög að viljayfirlýsing um uppbyggingu Alþjóðaskólans á Íslandi í Garðabæ.
1804348 - Kaupsamningur um jörðina Kirkjubrú á Álftanesi.



3. 1812022F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 17/12 '18
4. 1812028F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 20/12 '18.
5. 1812030F - Fundargerð ungmennaráðs frá 20/11 '18.
6. 1812031F - Fundargerð ungmennaráðs frá 14/12 '18.
7. 1801362 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs frá 21/11 og 14/12 '18.
8. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 9/1 '19.
9. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 7/12 '18.
10. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21/12 18.
11. 1812089 - Kosning fulltrúa í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks
12. 1812088 - Kosning fulltrúa í öldungaráð
13. 1901238 - Fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.
14. 1901237 - Tillaga um að Garðabær taki í notkun umhverfissvænni bifreiðar.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
18. (840). fundur 2018

Fimmtudaginn 20. desember 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Harpa Þorsteinsdóttir og Valborg Ósk Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 6. desember 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812014F - Fundargerð bæjarráðs frá 11.12.2018.

Gunnar Valur Gíslason, vék af fundi undir þessum lið.

Gunnar Einarsson, ræddi 21. tl., bréf átakshóps um húsnæðismál varðandi upplýsingar um stöðu húsnæðismála.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag Lundahverfis, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og barst ein athugasemd sem tekið hefur verið tillit til. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við gerð deiliskipulag fyrir 2. áfanga austurhluta Urriðaholts, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Sjá einnig 38. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að ekki sé ástæða til að endurskoða aðalskipulag Garðabæjar í upphafi kjörtímabils 2018-2020 enda tók nýtt aðalskipulag gildi í maí á þessu ári. Niðurstaða bæjarstjórnar skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerð bæjarráðs sem er 21 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1812026F - Fundargerð bæjarráðs frá 18.12.2018.

Gunnar Valur Gíslason, tók sæti á fundinum að nýju.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., viljayfirlýsingu velferðarráðuneytis, Barnaverndarstofu og Garðabæjar um lóð fyrir meðferðarheimili fyrir unglinga. Sara Dögg lýsti yfir stuðningi við viljayfirlýsinguna.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., viljayfirlýsingu velferðarráðuneytis, Barnaverndarstofu og Garðabæjar um lóð fyrir meðferðarheimili fyrir unglinga. Almar lýsti yfir stuðningi við viljayfirlýsinguna.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 8. tl., ráðningu í starf forstöðumanns fræðslu og menningarsviðs. Sigríður lýsti yfir ánægju með ráðningu í starfið. Sigríður Hulda þakkaði jafnframt Katrínu Friðriksdóttur fyrir hennar störf sem forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs síðastliðið ár.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 8. tl., ráðningu í starf forstöðumanns fræðslu og menningarsviðs og 5. tl., bréf Hjálparveitar skáta í Garðabæ um endurnýjun samnings.

Björg Fenger, ræddi 8. tl., ráðningu í starf forstöðumanns fræðslu og menningarsviðs og 5. tl., bréf Hjálparveitar skáta í Garðabæ um endurnýjun samnings.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 11 og nr. 12 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018, samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 11	
Bæjarskrifstofur laun	kr. 23.600.000
Kostnaðarauka mætt með breytingu á innri leigu samtals að fjárhæð	kr. 23.600.000

Viðauki 12	
Innri leiga (hækkun tekna)	kr. 28.801.582
Ráðstafað samkvæmt viðauka 11	kr. 23.600.000
Rekstrarafgangur (hækkun)	kr. -5.201.582

Bæjarstjórn samþykkir viljayfirlýsingu um úthlutun lóðar fyrir meðferðarheimili fyrir unglinga í Garðabæ. Um er að ræða 10.000 fm lóð í Vífilsstaðahálsi þar sem reisa á 1.000 fm húsnæði.

Fundargerð bæjarráðs sem er 8 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1812020F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 12.12.2018.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn óskar eftir því að tillögur þess efnis að skýrt sé kveðið á um það í húsnæðisstefnu hvaða leiðir verða farnar til þess að mæta eftirspurn aldurshópsins 20 - 39 ára. Garðabæjarlistinn ítrekar mikilvægi þess að lagt verði upp með alveg skýra valkosti til búsetu þessa aldurshóps Annars vegar í formi leiguhúsnæðis og hins vegar húsnæðis til kaups með sérstaka áherslu á greiðslubyrði ungs fólks.“

Greinargerð

Í drögum um húsnæðisstefnu Garðabæjar er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að mæta yngsta aldurshópi þeirra sem stofna til eigin heimilis eða hópsins frá 20 - 39 ára. Hins vegar er hvergi staf að finna um stefnu Garðabæjar í þeim efnunum. Húsnæðisstefna er gríðarlega mikilvægt plagg sem jú mótastefnu til framtíðar um íbúapróun og samsetningu íbúanna til framtíðar. Því skiptir máli að skýrt sé tekið fram hvaða leiðir á að fara í þeirri uppbyggingu sem framundan er. En í drögum er einungis að finna þann fjölda íbúða sem liggur fyrir að muni rísa á næstu árum.

Að styðja undir almennan leigumarkað er hvetjandi fyrir ungt fólk sem er að stofna til heimilis í fyrsta skipti. Að hafa val um ódýrt húsnæði til kaups skiptir líka máli en eitt á ekki að útiloka annað. En um þessa tvo valkosti þarf að liggja fyrir áætlun sem ákveðið er að fylgja eftir með markvissum og skilvirkum hætti.

Þá lagði Sara Dögg eftirfarandi bókun Garðabæjarlistans.

„Eftir að hafa rýnt drög um húsnæðisstefnu Garðabæjar öðru sinni er mikilvægt að taka frekari umræðu um ákveðna þætti. Fyrst verð ég að segja að núverandi drög virðast mikið frekar vera hin finasta skýrsla heldur en stefna, þar sem verið er að draga fram stöðuna og benda á leiðir sem vert er og mikilvægt er að skoða frekar. En minna um útfærslur.

Við teljum einfaldlega enn vanta töluvert upp á að það liggi skýrt fyrir hvert skal stefnt. Hvernig á að mæta ungu fólki á aldursbilinu 20-39 ára til framtíðar? Hvaða valkostir verða í boði? Hvernig ætlar Garðabær að koma að almennum leigumarkaði? Verða gert ráð fyrir leiguíbúðum í Lyngásnum?

Og ætlar Garðabær að láta það alfarið í hendur Bjargs og Brynju - hússjóð Öryrkjabandalagsins að tryggja félagslegt húsnæði? Og hafa þá um leið ekkert um það að segja hverjum verður tryggt húsnæði þegar á hólminn er komið?

Tillögu varðandi félagslegt húsnæði höfum við í Garðabæjarlistanum þegar lagt fram og henni verið vísað áfram inn í fjölskylduráð þar sem hljómgrunnur virðist takmarkaður. Við itrekum þá ósk okkar að slíkar lausnir verði ræddar frekar innan nefndarinnar og gerum því ráð fyrir að tillagan um kaup Garðabæjar á hlutfalli nýrra íbúða á uppbyggingarsvæðum sé ekki dauð þar sem ekki er búið að samþykkja húsnæðisstefnuna.“

Sigurður Guðmundsson, ræddi drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar
Fundargerðin er lögð fram.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar og lagði til að framkominni tillögu verði vísað til bæjarráðs.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 1. tl., drög að húsnæðisáætlun Garðabæjar og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Meirihluti bæjarstjórnar vill árétta að í húsnæðisáætlun Garðabæjar kemur skýrt fram að fjölbreytt form íbúða verða byggð upp á næstu árum í bænum. Mest uppbygging verður í fjölbýli sem mætir m.a. þörfum yngri aldurshópa. Þá liggja fyrir áætlanir um uppbyggingu almennra leiguíbúða, sem mætir ekki síst þörf yngra fólks, og áætlanir um uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Hér eftir sem hingað til mun fólk síðan eiga þess kost að eignast sitt húsnæði í Garðabæ, sem skiptir miklu máli. Niðurstaða húsnæðisáætlunar er að fyrirhuguð uppbygging í Garðabæ geri miklu meira en að mæta þörf fyrir húsnæði á næstu átta árum. Fullyrðingum um að Garðabær hafi ekki skýra sýn í þessum efnum er því mótmælt.“

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1811052F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 06.12.2018.

Sigurður Guðmundsson ræddi 2. tl., breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna lóðar fyrir fjölnota íþróttahús.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1811050F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 05.12.2018.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar, 2. tl., niðurstöður samræmdra könnunarprófa 2018 og 4. tl., tímabundin leyfi frá skólasókn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar og fjallaði um heilsueflandi samfélag.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar og heilsueflandi samfélag.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar og heilsueflandi samfélag.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar og heilsueflandi samfélag.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar og heilsueflandi samfélag.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu Rannsóknar og greiningar og heilsueflandi samfélag

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1812016F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11.12.2018.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1802195 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða frá 29.11.2018.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1801175 - Fundargerðir SSH frá 03.12.2018.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1801146 - Fundargerðir Strætó bs. frá 16.11 og 07.12.2018.

Björg Fenger ræddi 1. tl., fg 16/11, árshlutauppgjör 30.09.18, 3. tl., fg frá 16/11, persónuverndarstefna, 1. tl., fg frá 7/12, akstursþjónustu fatlaðs fólks 2. tl., fg frá 7/12, farþegatalningar og 5. tl., fg frá 7/12, gjaldskrá má

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., fg frá 7/12, akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., fg frá 7/12, akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

10. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 14.12.2018

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1710169 - Samningur um hönnun og byggingu fjölnota íþróttahúss

Gunnar Einarsson, fjallaði um samning um hönnun og byggingu fjölnota íþróttahúss. Gunnar lagði til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

Harpa Þorsteinsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lýsti yfir stuðningi við samninginn.

Björg Fenger, kvaddi sér hljóðs og lýsti yfir sérstakri ánægju með að samningur um þetta mikilvæga verkefni væri í höfn.

Bæjarstjórn samþykkir samning við Íslenska aðalverktaka hf. um byggingu nýs fjölnota íþróttahúss og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.

Um er að ræða samning um hönnun og byggingu fjölnota íþróttahúss sem rísa á í Vetrarmýri og er samningsfjárhæð kr. 4.157.441.579. Gert er ráð fyrir að hönnunarvinna hefjist í janúar 2019 og eru verklok áætluð 15. apríl 2021.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 20. desember 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
1. (1862). fundur 2019

Þriðjudaginn 8. janúar 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808017 - Dýjagata 15 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Höskuldi Erni Arnarsyni, kt. 040380-5749 leyfi til að byggja einbýlishús að Dýjagötu 15.

2. 1901022 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Blikastíg 18.

Afgreiðslu frestað.

3. 1811002 - Umsagnarbeiðni um umsókn um leyfi fyrir gististað að Blikastíg 19

Með bréfi, dags. 5. desember sl. var íbúum við Blikastíg 13, 15 og 17 gefinn kostur á að tjá sig um umsóknina. Engar athugasemdir hafa verið gerðar. Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt.

4. 1812002 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi nýja reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga, dags. 03.01.18.

Lögð fram.

5. 1812062 - Samkomulag um að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga kjarasamningsumboð.

Bæjarráð samþykkir að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til

Félag grunnskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Skólastjóraráð Íslands, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjuþjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarf. bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Þroskaþjálfafélag Íslands, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélagið Hlíf, SFR stéttarfélag í almannapjónustu, Sjúkraliðafélag Íslands.

6. 1812226 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi tilnefningu fulltrúa umhverfis- og náttúrverndarnefndar í vatnasvæðanefnd, dags. 14.12.18.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Jónu Sæmundsdóttur eða Guðfinn Sigurvínsson sem fulltrúa Garðabæjar í vatnasvæðanefnd en forstjóri umhverfisstofnunar mun skipa annaðhvort þeirra sem fulltrúa í nefndina með vísan til 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu karla og kvenna.

7. **1812242 - Bréf Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins um styrk, dags. 20.12.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

8. **1811105 - Ákvörðun kærunefndar útboðsmála vegna kærur Sporthallarinnar á niðurstöðu útboðs á aðstöðu fyrir líkamsrækt í Ásgarði, dags. 20.12.18.**
Lögð fram ákvörðun kærunefndar útboðsmála þar sem fram kemur í ákvörðunarorði að útboð Garðabæjar varðandi aðstöðu fyrir líkamsrækt í Ásgarði er stöðvað um stundarsakir.

9. **1812265 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kærur vegna breytinga á deiliskipulagi Bæjargarðs, dags. 28.12.18.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsumma bæjarins í málinu.

10. **1812264 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og útboðsmála um kærur á byggingarleyfi vegna ljósamastra á gervigrasvelli í Bæjargarði, dags. 28.12.18.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsumma bæjarins í málinu.

11. **1812263 - Tilkynning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kærur á byggingarleyfi fyrir uppsetningu girðingar við gervigrasvöll í Bæjargarði, dags. 28.12.18.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsumma bæjarins í málinu.

12. **1806461 - Tillaga um viðmiðunarfjárhæðir vegna niðurfellingar eða lækkunar fasteignaskatts og holræsagjalds elli- og örorkulífeyrisþega.**
Eftirfarandi tillaga samþykkt.

Einstaklingar með tekjur árið 2017 allt að kr. 5.200.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um kr. 5.000 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 5.700.000.

Hjón með tekjur árið 2017 allt að kr. 6.650.000 greiða ekki fasteignaskatt og holræsagjald. Afsláttur lækkar um 1% við hækkun tekna um 13.000 og fellur niður ef tekjur fara yfir kr. 7.950.000.

13. **1812275 - Erindisbréf fyrir neyðarstjórn Garðabæjar.**
Bæjarráð samþykkir erindisbréf fyrir neyðarstjórn Garðabæjar.

14. **1707104 - Drög að húsneðisáætlun Garðabæjar 2018-2025.**
Lögð fram tillaga Garðabæjarlistans sem fram kom að fundi bæjarstjórnar 20. desember sl.

Bæjarráð vísar húsneðisáætlun Garðabæjar ásamt tillögu Garðabæjarlistans til umfjöllunar fjölskylduráðs.

15. **1901036 - Bréf hestamannafélagsins Sprettis varðandi uppbyggingu hesthúsabyggðar á Kjóavöllum, 20.12.2018.**
Bæjarstjóri gerði grein fyrir vinnu við undirbúning að úthlutun hesthúsalóða á Kjóavöllum en verið er að vinna við hönnun gatna o.fl.

Bæjarráð telur eðlilegt að úthlutun lóða og framkvæmdir við gatnagerð verði á vegum bæjarins.

Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri ræði við fulltrúa stjórnar Spretts um samráð varðandi uppbyggingu hesthúsabyggðar á Kjóavöllum.

16. 1901027 - Bréf starfshóps á vegum Alþingis um endurskoðun kosningalaga, dags. 19.12.18.
Lagt fram.

17. 1808350 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, dags. 04.01.19

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu svæðisskipulagsnefndar um að auglýst verði tillaga að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er varðar legu vaxtarmarka á milli þéttbýlis og dreifbýlis á Álfsnesi. Með breytingunni verður rými fyrir uppbyggingu og þróun efnisvinnslusvæðis sem staðsett yrði við jaðar núverandi iðnaðarsvæðis á Álfsnesi. Tillagan verður auglýst ásamt umhverfisskýrslu, breytingartillögum og umsögn við innkomnum athugasemdum í samræmi við 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006.

18. 1810191 - Afgreiðsla íþrótt- og tómstundaráðs um styrk til rafíþróttaklúbbs Garðalundar.
Bæjarráð staðfestir afgreiðslu íþrótt- og tómstundaráðs um að veita rafíþróttaklúbbi Garðalundar styrk að fjárhæð kr. 250.000.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 8. janúar 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Björg Fengler, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
2. (1863). fundur 2019

Þriðjudaginn 15. janúar 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1606034 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.**
Lögð fram.
- 2. 1711136 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagлага 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.
- 3. 1711135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi miðbæjar - neðsta svæði vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi og Vífilsstaðavegi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagлага 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar - neðsta svæði. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.
- 4. 1711133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagлага 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.
- 5. 1711132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2 vegna endurbóta á Vífilsstaðavegi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagлага 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Hörgatún 2. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.
- 6. 1305618 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar vegna endurbóta við Vífilsstaðaveg.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagлага 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.

- 7. 1711137 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna endurbóta á Hafnarfjarðarvegi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.
- 8. 1710083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna uppbyggingar á Lyngásvæði L1 og L2.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna uppbyggingar á Lyngásvæði L1 og L2. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi.
- 9. 1812179 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu fyrir nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurborg í Krýsuvík Hafnarfirði.**
Lögð fram.
- 10. 1808155 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu byggingarleyfis vegna lóðarinnar við Hæðarbyggð 22.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna viðbyggingar og breytinga á einbýlishúsinu við Hæðarbyggð 22. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust engar athugasemdir.
- 11. 1806425 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um óverulegt frávik frá skipulagi vegna lóðarinnar við Víkurgötu 14.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að vikið sé frá skilmálum við útfærslu handriða og stoðveggja en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni. Þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skriflegt samþykki lóðarhafa þarf að liggja fyrir varðandi útfærslu á lóðarmörkum.
- 12. 1809246 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 2-20.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á húsagerðum við Keldugötu.
- 13. 1901026 - Bréf Menntamálastofnunar varðandi eftirfylgni með kennslustundum í list- og verkgreinum, dags. 21.12.18.**
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir að kallað hefur verið eftir upplýsingum frá skólunum um fjölda kennslustunda í list- og verkgreinum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að svara bréfinu og gera grein fyrir réttum fjölda kennslustunda í list- og verkgreinum í grunnskólum bæjarins.
- 14. 1901060 - Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um 35. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins 6.-8. nóv. 2018, dags. 20.11.18.**
Lagt fram.

15. 1901102 - Reglur um hvatapeninga 2019.

Bæjarráð samþykkir reglur um hvatapeninga til að gilda á árinu 2019.

16. 1901164 - Bréf Forum lögmanna f.h. um bj. um skaðabætur vegna ágalla á hljóðvist, dags. 09.01.19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

17. 1812068 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á þorrablóti í Íþróttamiðstöðinni á Álftanesi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

18. 1901058 - Drög að viljayfirlýsing um uppbyggingu Alþjóðaskólans á Íslandi í Garðabæ.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viljayfirlýsingu um uppbyggingu Alþjóðaskólans á Íslandi í Garðabæ.

19. 1711090 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 131/2017 er varðar deiliskipulag Garðahrauns.

Lagður fram.

20. 1711091 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 132/2017 er varðar deiliskipulag Garðahrauns.

Lagður fram.

21. 1901173 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi nýja reglugerð um sjóðinn, dags. 07.01.18.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir að fulltrúar Jöfnunarsjóðs komið á fund bæjarstjórnar til að kynna reglurnar nánar.

22. 1804348 - Kaupsamningur um jörðina Kirkjubrú á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja kaupsamning um jörðina Kirkjubrú á Álftanesi.

23. 1810028 - Minnisblað vegna lýðræðisverkefna í Garðabæ, dags. 11. janúar 2019.

Upplýsingastjóri gerði grein fyrir minnisblaði um útfærslu á verkefnum sem unnin verða í samráði við íbúa samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar um 50,0 mkr fjárveitingu í fjárhagsáætlun 2019.

Bæjarráð samþykkir að áfram verði unnið að verkefninu í samræmi við sem fram kemur í minnisblaðinu um næstu skref, tímaáætlun og undirbúning.

Bæjarráð samþykkir að vísa minnisblaðinu til umfjöllunar fjölskylduráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 15. janúar 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar 5. fundur 2018

Mánudaginn 17. desember 2018 kl. 16:30 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþrótttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811158 - Íþróttahátíð Garðabæjar 6.jan 2019

Tilnefndar til íþróttakonu Garðabæjar 2018 eru:
Andrea Sif Pétursdóttir, fimleikakona í Stjörnunni
Freydís Halla Einarsdóttir, skíðakona í Ármanni
Hulda Clara Gestsdóttir, golfari í GK
Irma Gunnarsdóttir, frjálsíþróttakona í Breiðabliki

Tilnefndir til íþróttakarls Garðabæjar eru:
Baldur Sigurðsson, knattspyrnumaður í Stjörnunni
Birgir Leifur Hafþórsson, golfari GK
Jón Þór Sigurðsson, skotíþróttamaður í SFK
Pétur Fannar Gunnarsson, dansari í DR
Opin vefkosning fer fram á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is frá 21. desember til 2. janúar.
Kynning verður sett í Garðapóstinn.

2. 1811082 - Alþjóðlegt Frisbígolfmót 2019

ÍTG tekur jákvætt í að veita aðstöðu til að halda alþjóðlegt frisbígolfmót á Vífilstaðavelli í júní 2019. Ekki verður um beinan fjárhagslegan stuðning að ræða en Garðabær getur aðstoðað með því að leggja til aðstöðu. ÍTG bendir mótshöldurum einnig á 19. júní sjóðinn ef áhersla verður lögð á að efla konur í íþróttinni.

3. 1810191 - Rafíþróttaklúbbur

ÍTG lítur á rafíþróttaklúbb sem áhugavert frumkvöðla verkefni og vill styðja það með 250.000,- kr. framlagi.

4. 1812111 - Rósa Dögg Ægisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,-
Rósa Dögg Ægisdóttir, vegna undankeppni EM í blaki í Belgíu 10.-16. ágúst 2018

5. 1812110 - Rósa Dögg Ægisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr.
Rósa Dögg Ægisdóttir
Undankeppni EM í blaki í Ísrael 20.-25. ágúst 2018

6. 1812026 - Ingimundur Orri Jóhannsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr.

Ingimundur Orri Jóhannsson
NM U18 í körfuknattleik, 27. júní - 1. júlí 2018

7. **1812025 - Ingimundur Orri Jóhannsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs
Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr.
Ingimundur Orri Jóhannsson
EM U18 í körfu 27. júlí - 5. ágúst 2018 Makedoníu

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
16. fundur 2019

Fimmtudaginn 20. desember 2018 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Kjartan Örn Sigurðsson varamaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1606034 - Hafnarfjarðarv/Vífilsstaðav. Endurbætur gatnamóta.

Baldur Grétarsson deildarstjóri hjá Vegagerðinni ásamt Ólafi Erlingssyni og Önnu Guðrúnu Stefánsdóttur ráðgjöfum hjá Verkís kynntu tillögur að bráðabirgðarendurbótum gatnamótum Hafnarfjarðarveggar við Vífilsstaðaveg og við Lyngás/Lækjarfit. Markmið endurbótanna er að auka öryggi vegfarenda og að bæta umferðarflæði með því að bæta aðgengi hliðarvega inn á Hafnarfjarðarveg. Málið mun hljóta meðferð sem framkvæmdaleyfisumsókn án deiliskipulags en ekki er vikið frá því markmiði að Hafnarfjarðarvegur verði síðar lagður í lokaðan stokk og gatnamót verði mislæg eins og aðalskipulag Garðabæjar gerir ráð fyrir. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar. Stefnt er að því að halda kynningarfund í Flataskóla þann 9.janúar.

2. 1305618 - Vífilsstaðavegur og Bæjarbraut, deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar. M.a. verður gert ráð fyrir hringtorgi við gatnamót Vífilsstaðavegar og Litlatúns/Flataskóla sem er liður útfærslu á bráðabirgðambótum gatnamóta við Hafnarfjarðarveg. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

3. 1711137 - Ásar og Grundir, dsk br., minnkun svæðis.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem gerir ráð fyrir breytingum á stígum ofl. næst Hafnarfjarðarvegi sem tengjast bráðabirgðaútfærslum á Hafnarfjarðarvegi og gatnamótum við Vífilsstaðaveg og Lyngás. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

4. 1711136 - Hraunsholt eystra, dsk br, minnkun svæðis.

Lögð fram tillaga að breyting á deiliskipulagi Hraunsholts eystra sem gerir ráð því að skipulagssvæðið minnkar við gatnamót Lækjarfitjar og Hafnarfjarðarveggar. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

5. 1711135 - Miðbær, neðsta svæði (svæði III), dsk br minnkun svæðis

Lögð fram tillaga að breyting á deiliskipulagi Sveinatungureits sem gerir ráð fyrir því að svæðið sem deiliskipulagið nær til minnkar sem nemur gatnamótum Vífilsstaðavegar og Hafjarfjarðarvegar. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

6. 1711133 - Ásgarður, dsk breyting vegna hringtorgs

Lögð fram tillaga að breyting á deiliskipulagi Ásgarðs. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir breyttri legu göngustígs við Hraunsholtslæk og á fyrirkomulagi bílastæða. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

7. 1711132 - Hörgatún 2, dsk breyting vegna hringtorgs

Lögð fram tillaga að breyting á deiliskipulagi Hörgatúns 2. Tillagan gerir ráð fyrir skerðingu í norðvesturhorn lóðar vegna útfærslu á hringtorgi á gatnamótum Liltatúns og Vífilsstaðavegar. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

8. 1710083 - Lyngássvæði, deiliskipulag L1 og L2

Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu og Þráinn Hauksson landlagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerðu grein fyrir tillögu að deiliskipulagi reita L1 og L2 á Lyngássvæði. Svæðið sem tillagan gerir ráð fyrir um 395 íbúðareiningum í 3-4 hæða fjölbýlishúsum. Tillögunni vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr 40.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal kynnt á íbúafundi ásamt tillögum Vegagerðarinnar að bráðabirgða endurbótum Hafjarfjarðarvegar.

9. 1809246 - Skipulag - Keldugata 2-20, dsk breyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir breytingu á húsagerðum ofl við ofanverða götuna. Tillagan gerir ráð fyrir að ein fjölbýlishúsalóð verði lögð af. Íbúðum í götunni fjölgar alls um 3. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með húseigendum. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

10. 1806425 - Víkurgata 14- Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að byggingarleyfisumsókn ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Útfærslur handriða og stoðveggja víkja lítilla frá ákvæðum deiliskipulags. Umsögn deiliskipulagshöfundar er jákvæð. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulegt frávik og gerir ekki athugasemdi við að við veitingu byggingarleyfis sé vikið frá ákvæði deiliskipulags hvað þetta varðar. Skriflegt samþykki lóðarhafa þarf að liggja fyrir varðandi útfærslu á lóðarmörkum.

11. 1808155 - Hæðarbyggð 22 -Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að lokinni grennarkynningu. Engar athugasemdir hafa borist. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt.

12. 1812179 - Lýsing fyrir nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurborg í Krýsuvík Hafnarfirði

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við lýsinguna.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar
33. fundur 2018

Þriðjudaginn 20. nóvember 2018 kl. 16:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Ágúst Ingi Bragason aðalmaður, Gabríella Snót Ó. Schram aðalmaður, Valgerður Eyja Eypórsdóttir aðalmaður, Lóa Kolbrá Friðriksdóttir aðalmaður, Rut Pétursdóttir aðalmaður og Tómas Þór Jacobsen.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsen forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812213 - Fundur ungmennaráðs 20.11.2018

1. Fjárhagsáætlun Garðabæjar útskýrð og skilgreind.
2. Verið er að fara byggja nýjar blokkir á Álftanesi.
3. Matsalurinn í Álftanesskóla endurnýjaður og bókasafn bætt við í leiðinni.
4. Urriðaskóli kláraður á næstunni.
5. Bæjargarður, útilífsmiðstöð og hjólaaðstæða ætti einnig að batna á næstunni.
6. Mögulegt húsnæði fyrir ungmennaráðið er fundið, einnig ætlar ráðið að taka að sér að skoða önnur ráð og sjá hvernig þeim gengur og hvernig ráðið getur mögulega bætt sig.
7. Opnuð verður ný Íþróttamiðstöð við Ásgarð.
8. Lýðræðisverkefni og fundir með nefndum.
9. Rætt um að halda aftur fund með Gunnari Einarsyni

Gestir

Gunnar Einarsson - 00:00

Lúðvík Hjalti Jónsson - 00:00

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar
34. fundur 2018

Föstudaginn 14. desember 2018 kl. 15:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í Sjúklandsskóla.

Fundinn sátu: Ágúst Ingi Bragason aðalmaður, Rut Pétursdóttir aðalmaður og Tómas Þór Jacobsen.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsson forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812214 - Fundur ungmennaráðs 14.12.2018

1. Fjárhagsáætlun sem Gunnar Einarsson kynnti fyrir ráðinu var rædd og farið yfir punkta til að ræða áfram við Gunnar um.
2. Ungmennahús, ýta á eftir ungmennahúsi í Garðabæ, undirbúa kynningu þar sem kynnt er sýn ungmennaráðsins á ungmennahúsi.
4. Forvarnarfræðsla, þörf er á ítarlegri forvarnarfræðslu varðandi vape og áfengi sem og kynfræðslu.

Gestir

Askur Hrafn, Birta Lind og Hrannar Máni - 00:00

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

400. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 21.11.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Bjarki Bjarnason. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða rekstraryfirlit.

Framkvæmdastjóri kynnir 9 mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör SORPU bs. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar fyrir sama tímabil ásamt magntölum og heimsóknarfjölda. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 421,5 m.kr. að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrarniðurstaða endurvinnslustöðva eru gjöld umfram tekjur upp á 32,6 m.kr.

2. Metan á strætisvagna

Formaður og framkvæmdastjóri kynna umræður á fundi með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Strætó um mögulega notkun Strætó á metani. Jafnframt greinir framkvæmdastjóri frá fundi með Veitum um hugsanlega metanleiðslu á athafnasvæði Strætó á Hesthálsi. Málið rætt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna áfram að málinu.

3. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað um framvindu byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Málið rætt.

4. Umsagnir um áætlanir í loftslagsmálum og plastmálum

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir tvær umsagnir SORPU bs. um annars vegar áætlun í loftslagsmálum og plastmálum.

Líf Magneudóttir fór af fundi kl. 08:30.

5. Ný vinnuvél sem gengur alfarið fyrir rafmagni

Framkvæmdastjóri kynnir nýja vél í móttökustöð sem gengur eingöngu fyrir rafmagni – sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi

(Handwritten signatures and initials)

6. Innri endurskoðun - kynning

Kynning á úttekt innri endurskoðanda á samspili eigendastefnu og stofnsamningi SORPU
bs. Málið rætt.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 14. desember kl. 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:55

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T Birgir Fön Fjörðsson
Jón Þorláksson
Jóna Auðadóttir
Bjarki Bjarnason
Bjarni Tausi
Bjarni Hjort
Bjarni Hjort
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Guðrún Eva Jóhannesdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

401. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 14.12.2018, kl.12:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Líf Magneudóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 1 voru Þróstur Sigurðsson og Snædís Helgadóttir frá Capacent.

Tekið fyrir:

1. Viðræður við Kölku sf.

Lögð fram og kynnt skýrsla Capacent um mögulega sameiningu SORPU bs. og Kölku sf. Málið rætt. Málinu frestað.

2. Skipurit SORPU bs.

Framkvæmdastjóri kynnir breytt fyrirkomulag við yfirstjórn Góða hirðisins en verslunarstjórn hefur verið lögð af og ráðinn rekstrarstjóri í staðinn. Nýtt skipurit endurspeglar þetta fyrirkomulag. Stjórn samþykkir skipuritið.

3. Breyting á gjaldskrá

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri kynna breytingar á almennri gjaldskrá vegna vísitölbreytinga. Almenn gjaldskrá hækkar um 3,03% þann 1. janúar 2019. Gjaldskrá endurvinnslustöðva hækkar um 12% umfram verðlag og úrgangur til urðunar um 33% í samræmi við forsendur rekstraráætlunar. Gjald fyrir gjaldskyldan úrgang á endurvinnslustöðvunum verður því 6.200 kr/rúmmetra og fyrir úrgang til urðunar 8.200 kr/rúmmetra.

4. Bréf formanns SSH og formanns stjórnar til Sorpstöðvar Suðurlands vegna móttöku úrgangs.

Málefnið rætt. Framkvæmdastjóra falið að loka fyrir frekari viðskipti við SOS frá og með 1. janúar 2019 nema einhverjar breytingar hafi orðið sem að álitum SSH og stjórnar breytir stöðunni.

5. Úthlutun styrkja úr Góða hirðinum

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu verslunarstjórnar vegna jólaúthlutunar Góða hirðisins. Alls sóttu 24 aðilar um styrki að upphæð kr. 18,81 milljón en til úthlutunar eru rúmlega 8,6 milljónir til 16 aðila.

[Handwritten signatures and initials]

6. Umsagnir um frumvörp

Framkvæmdastjóri kynnir umsagnir um tvö frumvörp:

- Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES innleiðing), bann við notkun burðarpoka.
- Frumvarp til laga um náttúruvæðing, mál 82 (rusl á almannafæri, sektir).

7. Tilboð í móttöku spilliefna frá endurvinnslustöðvum

Tilboð í móttöku spilliefna frá endurvinnslustöðvum árin 2019 – 2021 voru opnuð á skrifstofu SORPU þann 12. desember sl. og bárust 3 tilboð. Eftir yfirferð eru tilboð þannig:

Tilboðsgjafi	Upphæð
Efnarás ehf.	-11.539.380,-
Íslenska Gámafélagið ehf.	-20.236.200,-
Efnamóttakan hf.	-72.056.400,-
Áætlun	-45.453.600,-

Öll tilboðin miða við greiðslur til SORPU bs. með vsk. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við Efnamóttökuna hf. um verkefnið enda uppfylli bjóðandi öll tilskilin skilyrði.

8. Kynning/yfirferð á gas- og jarðgerðarstöð

Framkvæmdastjóri upplýsir að búíð er að steypa 26% af áætlaðri heildarsteypu verkefnisins og kostnaður í lok nóvember er kominn í 620 milljónir. Verkið er á áætlun.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 18. janúar 2019 kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 13:45

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

402. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 09.01.2019, kl.10:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Bjarki Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Ágúst Bjarni Garðarsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins var Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Tekið fyrir:

1. Móttaka úrgangs af Suðurlandi.

Stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og framkvæmdastjóri SSH skýra frá samskiptum við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS) sem átt hafa sér stað frá síðasta fundi. Fyrir liggur beiðni um tímabundna framlengingu samnings af hálfu SOS. Í ljósi samskipta lítur stjórn SORPU á að fyrir liggji ákvörðun SOS um að samstarfi og viðskiptum við SORPU sé lokið enda hafa forsendur ekki breyst.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 18. janúar 2019 kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 11:15.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson

Líf Magneudóttir

Kristinn Andersen

Jóna Sæmundsdóttir

Bjarki Bjarnason

Bjarni Torfi

Ágúst Bjarni Garðarsson

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Bjarni Hjarðar



Reykjavík, 7. desember 2018
Fundargerð 177. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 7. desember 2018 var haldinn 177. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Ingveldur Lára Þórðardóttir skrifstofustjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Níu mánaða uppgjör

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS samstæðu janúar – september 2018, dags. 7. desember 2018.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.

2. Slökkvistarf á hafi úti

Slökkviliðsstjóri fór yfir samstarf SHS og Landhelgisgæslu Íslands vegna slökkvi- og björgunarstarfa á sjó og hugmyndir um að sanningsbinda það samstarf.

Eftirfarandi lagt fram:

- Slökkvistarf á hafi úti, tillaga að bréfi til ráðherra, ódags.

Afgreiðsla: Tillaga að bréfi til dómsmálaráðherra um leita eftir samningi um slökkvistarf á hafi úti samþykkt.

3. Möguleg gjaldtaka

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldtökuheimildir fyrir slökkvilið, tillaga að bréfi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, ódags.

Afgreiðsla: Tillaga að bréfi til Sambands íslenskra sveitarfélaga um að kanna auknar gjaldtökuheimildir til slökkviliðs samþykkt.

305

4. Úttekt á viðbragðsaðilum

Eftirfarandi lagt fram:

- Samræming brunavarna, tillaga að bréfi til Mannvirkjastofnunar, ódags.

Afgreiðsla: Tillaga að bréfi til Mannvirkjastofnunar um að óska eftir úttekt á þremur viðbragðseiningum á starfssvæði SHS samþykkt.

5. Þróun útgjalda sveitarfélaga

Fyrirspurn frá síðasta fundi. Slökkviliðsstjóri kynnti þróun framlaga aðildarsveitarfélaganna til SHS frá árinu 2014.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samsetning tekna SHS frá 2014 t.o.m. 2019, minnisblað, dags. 7. desember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Persónuverndarfulltrúi

Frestað mál frá síðasta fundi.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málinu.

7. Starfsreglur

Frestað mál frá síðasta fundi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar, 2. útgáfa, dags. 7. desember 2018.

Afgreiðsla: Starfsreglur samþykktar og undirritaðar af stjórnarmönnum.

8. Siðareglur

Frestað mál frá síðasta fundi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Siðareglur stjórnar, 2. útgáfa, dags. 7. desember 2018.

Afgreiðsla: Siðareglur samþykktar og undirritaðar af stjórnarmönnum.

9. Lóð fyrir nýja slökkvistöð

Frestað mál frá síðasta fundi.


Afgreiðsla: Kynning.

10. Samningar við hafnir á starfssvæði SHS

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningur um að annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðis Hafnarfjarðarhafnar.
- Samningur um að annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðis

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir samningana og felur slökkviliðsstjóra að undirrita þá.



306

11. Önnur mál

11.1. Eldsvoði á Hvaleyrarbraut.

Eftirfarandi lagt fram:

- Hvaleyrarbraut 39, minnisblað, dags. 7. desember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

11.2. Úttekt á innra eftirliti SHS, eftirfylgni

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað: Eftirfylgni með skýrslu „Innra eftirlit hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins“, dags. 5. nóvember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

11.3. Bindandi álit RSK vegna SHS fasteigna

Eftirfarandi lagt fram:

- Bindandi álit v. SHS fasteigna, bréf RSK til KPMG dags. 16. nóvember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

11.4. Eldvarnaeftirlitsáætlun SHS fyrir árið 2019

Eftirfarandi lagt fram:

- Eldvarnaeftirlitsáætlun 2019, dags. 7. desember 2018


Afgreiðsla: Kynning.


Næsti fundur verður föstudaginn 18. janúar 2019.

Fundi slitið klukkan 9.00.


Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur SHS samstæðu janúar – september 2018, dags. 7. desember 2018.
- Slökkvistarf á hafi úti, tillaga að bréfi til ráðherra, ódags.
- Gjaldtökuheimildir fyrir slökkvilið, tillaga að bréfi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, ódags.
- Samræming brunavarna, tillaga að bréfi til Mannvirkjastofnunar, ódags.
- Samsetning tekna SHS frá 2014 t.o.m. 2019, minnisblað, dags. 7. desember 2018.
- Starfsreglur stjórnar, 2. útgáfa, dags. 7. desember 2018.
- Siðareglur stjórnar, 2. útgáfa, dags. 7. desember 2018.
- Samningur um að annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðis Hafnarfjarðarhafnar.
- Samningur um að annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðis
- Starfsreglur stjórnar, 2. útgáfa, drög I, ódags.
- Hvaleyrarbraut 39, minnisblað, dags. 7. desember 2018.
- Minnisblað: Eftirfylgni með skýrslu „Innra eftirlit hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins“, dags. 5. nóvember 2018.
- Bindandi álit v. SHS fasteigna, bréf RSK til KPMG dags. 16. nóvember 2018.
- Eldvarnaeftirlitsáætlun 2019, dags. 7. desember 2018






Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir




Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

297. fundur

Föstudaginn 21. desember 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Kristín Soffía Jónsdóttir (KSJ) varamaður í stjórn, Helga Ingólfssdóttir (HI), sem yfirgaf fundi kl. 12:50, áður en fjallað var um lið 5c, Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁÞ), sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfismál
2. Starfsáætlun stjórnar 2019
3. Stefnumótun 2019
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfismál

- a) Fyrir fundinum liggur minnisblað dagsett 19. september 2018 þar sem fjallað er um nokkrar mismunandi tillögur að leiðakerfisbreytingum í Hafnarfirði.

Stjórn samþykkir að leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði sem eru í samræmi við tillögu 4, verði skoðaðar í samhengi við aðrar breytingartillögur frá hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að heildstæðar leiðakerfisbreytingar sem taki tillit til óska um breytingar á leiðakerfi frá öllum sveitarfélögum sem standa að Strætó verði hluti af fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og gætu því tekið gildi í byrjun árs 2020.

- b) Í samþykktri fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2019, er gert ráð fyrir að farið verði í hagræðingar á leiðakerfi Strætó fyrir samtals um 95 m.kr. Fyrir fundinum liggur minnisblað dagsett 24. október 2018 þar sem settar eru fram tillögur að breytingum á leiðakerfi Strætó á árinu 2019.

Eftir að hafa farið yfir innstigs- og notkunartölur samþykkir stjórn eftirtaldar aðgerðir; stytta leið 14, hætta akstri fyrir á sunnudagskvöldum á völdum leiðum, gera breytingar á næturakstri og að sumaráætlun á völdum leiðum verði tekin upp aftur.

Í byrjun árs 2018 var farið af stað með tilraunaverkefni um næturakstur um helgar. Aksturinn hefur gengið vel en nýting er misgóð eftir leiðum. Haldið verður áfram með tilraunaverkefnið en gerðar breytingar á leiðum í ljósi reynslunnar á árinu.

2. Starfsáætlun stjórnar 2019

Fyrir fundinum liggja drög að starfsáætlun stjórnar 2019, gert er ráð fyrir að fundað verði á þriggja vikna fresti að jafnaði, en boðað verði til auka fundar ef þess gerist þörf.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun stjórnar 2019.

3. Stefnumótun 2019

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að skipuleggja vinnu við framtíðar stefnumótun Strætó. Stefnt er að því að byrja þessa vinnu á fyrsta ársfjórðungi 2019.

4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um framtíðarfyrirkomulag akstursþjónustu fatlaðs fólks, þar sem samningar við núverandi verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019.

5. Önnur mál

- a) Umfjöllun um hugmyndir um eflingu almenningsamganga í tengslum við uppbyggingu Nýs Landspítala. Gert ráð fyrir að málið verði tekið aftur fyrir á fyrsta fundi stjórnar á árinu 2019.
- b) Umfjöllun um fölsuð strætókort sem lögreglan gerði upptæk og var í fréttum nýlega. Stjórn Strætó ítrekar að leita skuli allra leiða til að koma í veg fyrir að hægt sé að greiða í Strætó með fölsuðum kortum eða farmiðum og telur að liður í því sé að innleiða nýtt rafrænt greiðslukerfi sem nú er í undirbúningi.
- c) Matsgerð dómkvadds matsmanns vegna skaðabótakröfu, Teits Jónssonar ehf. á hendur Strætó, í tengslum við útboð (EES-verk nr. 12369) á akstri á höfuðborgarsvæðinu frá 2010.

Anton Markússon, lögmaður kom á fundinn og fór yfir næstu skref í málinu. Stjórn samþykkir að fela lögfræðingi Strætó að hafna skaðabótakröfu Teits Jónssonar ehf. og óska eftir yfirmati.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Minnisblað, leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði, umsögn Strætó, dagsett 19.09.2018
- Minnisblað, hagræðing í leiðakerfi, dagsett 24.10.2018

Björg Fenger

Kristín Soffía Jónsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Fulltrúi bæjarstjórnar

Fulltrúi bæjarstjórnar

Fulltrúi bæjarstjórnar

Fulltrúi ÖBÍ

Fulltrúi ÖBÍ

Fulltrúi Þroskahjálpar

Bergþóra Bergsdóttir, Löngulínu 27

Elín H. Hinriksdóttir, Melási 12

Þorkell Jóhannsson, Lynghólum 1

Á dagskrá bæjarstjórnar 17. janúar 2019

1. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2018. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

Öldungaráð

Fulltrúi bæjarstjórnar

Fulltrúi bæjarstjórnar

Fulltrúi bæjarstjórnar

Fulltrúi FEBG

Fulltrúi FEBG

Fulltrúi FEBÁ

Fulltrúi heilsugæslu

Stefanía Magnúsdóttir, Garðatorgi 7

Ástbjörn Egilsson, Löngulínu 12

Ólafur Proppé, Vesturbæ

Á dagskrá bæjarstjórnar 17. janúar 2018.

1. *Öldungaráð*. Sjö aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 37/2018. Sjá einnig 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.



Garðabær, 15. janúar 2019

Fyrirspurn um kostnað við kaup og framkvæmdir á húsnæði fyrir fjölnota fundarsal.

Þegar farið er að taka saman kostnað og finna áætlanir sem tengjast kaupum og framkvæmdum við fjölnota fundarsal er erfitt að finna slíkt þ.a.l. legg ég fram eftirfarandi spurningar;

Hvað kostaði húsnæðið sem fjölnota fundarsalurinn er í?

Var gerð kostnaðaráætlun vegna breytingar á húsnæðinu í fjölnota fundarsal?

Hversu há upphæð var áætluð í framkvæmd við breytingar á húsnæðinu?

Hver er heildarkostnaður við framkvæmdir á húsnæðinu? Óskað er eftir sundurliðun kostnaðar.

Hve stór hluti verksins fór í útboð?

Með hvaða hætti hefur verið upplýst um framgang framkvæmda og kostnaðar til kjörinna fulltrúa?

Hver hefur eftirlit og umsjón með framkvæmdinni?

Virðingarfyllst, Ingvar Arnarson Bæjarfulltrúi

Tillaga um að Garðabær taki í notkun umhverfisvænni bifreiðar

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn Garðabæjar leggur til að bifreiðum í eigu bæjarins sem brenna jarðefnaeldsneyti verði í áföngum skipt út fyrir bifreiðar sem teljast umhverfisvænni. Á árinu 2019 verði 2-4 bifreiðum í eigu Garðabæjar skipt út fyrir umhverfisvænni og í framhaldinu gerð áætlun um hvernig best sé að skipta út öllum bifreiðum í eigu bæjarins.

Greinagerð

Það er eitt af markmiðum umhverfisstefnu Garðabæjar að Garðabær verði vistvænt bæjarfélag og umhverfið heilnæmt og aðlaðandi. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru í umhverfisstefnu Garðabæjar til að ná því markmiði er að stuðla að notkun minna mengandi farartækja og vistvænna orkugjafa. Með því að skipta út bifreiðum sem brenna jarðefnaeldsneyti er Garðabær að sýna vilja í verki og fara fyrir með góðu fordæmi.